

# Frumvarp til nýrra umferðarlaga

2017



Samgöngu- og  
sveitarstjórnarráðuneytið

# Hvað eru umferðarlög?

- Leikreglur sem allir þurfa að þekkja – lög nr. 50/1987



Samgöngu- og  
sveitarstjórnarráðuneytið

# Breyting á umferðarlögum

- Nefnd skipuð 1. nóvember 2007
- Var falið að endurskoða núgildandi umferðarlög
  - Færa ákvæði til nútímalegra horfs með tilliti til reynslu og þróun í umferðarmálum
  - Lagfæra þau ákvæði sem væru óskýr eða haldin annmörkum
  - Frekari aðlögun að alþjóðlegum samningum um umferðarmál
  - Lögfesta í ríkari mæli grundvallar reglur. Endurskoða víðtækt reglugerðarvald ráðherra
  - Endurskoða ákvæði sem snúa að viðurlögum með það að leiðarljósi að gera þau skilvirkari og auka varnaðaráhrif



# Hvað varð um frumvarpið?

- Frumvarpið var lagt fram á fjórum löggjafarþingum árunum 2009-2013.
- Hefur tekið töluverðum breytingum í gegnum það ferli.
  - Mikið samráð við almenning, stofnanir, hagsmunastamtök og önnur ráðuneyti
  - Nýr ráðherra nýjar áherslur



# 10 árum síðar

- Núverandi ráðherra lýsti vilja til að fara af stað með heildarendurskoðun í apríl á þessu ári
- Fyrstu skref tekin
- Breytt staða - breytt pólitískt landslag



# Breyttir tímar – breyttar þarfir:

- Hjólreiðar
- Létt bifhjól og sambærilegri ferðamátar
- Notkun snjalltækja
- Ljósaskylda
- Standandi farþegar
- Sjálfkeyrandi bílar



# Álitamál:

- Akstur undir áhrifum – leyfilegt áfengismagn lækkað
- Hækkun bílprófsaldurs
- Tekjutenging sekta
- Efri aldursmörk bílstjóra í farþega- og vörufutningum
- Hlutlæg refsiábyrgð
- Hertar refsingar og lengdur sviptingartími



# Hjólreiðar – létt bifhjól í flokki I

- Eitt afmarkmiðum með endurskoðun laganna að styðja við þróunina undanfarin ár, þ.e. aukningu hjólreiða
- Mikil umræða hefur verið um þessi hjól
- Skráningarskyld en hvorki þörf á réttindum né tryggingum
  - Breyttist í þinglegri meðferð
- Umræða sem þarf að taka í ljósi þróunar undanfarinna ára



# Notkun snjalltækja

- Skýrara bann við notkun snjalltækja nauðsynlegt
- Framkomnar hugmyndir ríkissaksóknara um hækkun sekta
  - Styrkari lagastoð nauðsynleg
- Útfærsla í nágrannaríkjum hefur verið skoðuð
  - Svíþjóð: heimilt nema það trufli akstur ökutækis
  - Noregur: einfalt bannákvæði í lögum en nánar útfært í reglugerð
  - Danmörk: sambærilegt núgildandi íslensku ákvæði



# Sjálfkeyrandi bílar

- Nágrannaríkin hafa verið að setja ákvæði í umferðarlög eða sérlög sem snúa að sjálfkeyrandi bílum og prófunum á þeim
- Frumvarp kynnt í júní á þessu ári í Noregi
- Jafnvel þó ekki verði ákvæði í frumvarpi til nýrra umferðarlaga sem snúa að þessari þróun er mikilvægt að huga að henni.



# Akstur undir áhrifum

- Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að lækka viðmiðunarmörk
- Lækkað úr 0,5‰ í 0,2‰
- 0,2‰ hjá yngri ökumönnum?
- Í samræmi við ákvæði sænsku og norsku umferðarlaganna
- Í samræmi við stefnumið sem hafa verið sett í umferðaröryggisáætlunum



# Hækkun bílprófsaldurs

- Samkvæmt tillögum í eldra frumvarpi er gert ráð fyrir að hækka bílprófsaldur úr 17 árum í 18 ár.
- Ökunám hefur breyst mikið undanfarin ár
- Skiptar skoðanir



# Tekjutenging sekta

- Ákvæði um aflætti af sektum þegar tekjur eru undir ákveðnu marki.
- Ekki tekjutenging líkt og í Finnlandi
- Getur skapað erfiðleika í framkvæmd – aukið flækjustig



# Hlutlæg refsiábyrgð

- Lagt er til í frumvarpinu að lögfest verði hlutlæg ábyrgð á greiðslu sekta sem hraðamýndavélar nema, þ.e. hraðakstur og akstur gegn rauðu ljósi
- Erfiðleikum bundið að innheimta sektir þegar greina þarf ökumann á myndum



# Hertar refsingar og lengdur sviptingartími

- Frumvarpið gerir ráð fyrir að refsireglum á þessu sviði verði breytt í því skyni að auka varnaðaráhrif refsinganna með hærri fjársektum og lengri sviptingartíma.
- Gert ráð fyrir aukinni notkun fangelsisrefsinga
- Efasemdir hafa komið fram um þessa stefnu

